

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurá bs. Stekkjarvík



<b>Dags eftirlits</b>	24.10.2023	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Halla Margrét Viðarsdóttir
<b>Fyrirtæki</b>	Norðurá bs.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sigríður Magnúsdóttir
<b>Heimili</b>	Skagfirðingabraut 17	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið
<b>Kennitala</b>	5602060620	<b>Flokkur</b>	Úrgangur og efnamóttaka
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Elvar Bjarki Gíslason	<b>ÍSAT nr.</b>	38.21
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Magnús B. Jónsson	<b>Staðsetning</b>	441620,709 580284,876

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirliti. Eitt frávík snýr að urðun á innihaldi úr olíuskiljum og sandföngum. Slíkur úrgangur flokkast sem spilliefni og er því urðun þess óheimil. Annað frávíkið varðar að niðurstöður vantaði fyrir mælingar innra eftirlits að hluta til. Þriðja frávíkið varðar að útstreymisbókhaldi var skilað eftir að tímafrestur á skilum lauk.

Hefur tveim þeim síðast nefndum frávíkum nú verið lokað. Niðurstöðum allra mælinga hefur verið skilað sem og að einnig var Útstreymisbókhaldi ársins 2022 skilað inn þann 9. maí síðastliðinn.

Tvær ábendingar er lagðar fram.

## UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurár bs. í Stekkjarvík í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaður hefur heimild til urðunar á 21.000 tonnum af almennum og óvirkum úrgangi á ári, að meðtöldum stöðugum óvirkum spilliefnum, þ.e. háð því hvort þau standast móttökuskilyrði í viðauka II í reglugerð nr.738/2003 um urðun úrgangs.

Gildistími starfsleyfis urðunarstaðar er til 26. nóvember 2026. Sótti rekstraraðili um breytingu á starfsleyfi urðunarstaðar þann 15. september 2021, þar sem m.a. er óskað eftir breytingu á heimild til urðunar upp að 30.000 tonnum á ári í stað þeirrar heimildar sem gildir nú.

Dagskrá eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir rekstur urðunarstaðar
- Farið yfir starfsleyfið
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Innra eftirlit, skráningar og niðurstöður mælinga
- Kynning á breyttu fyrirkomulagi eftirlita Umhverfisstofnunar
- Kynning á breyttri gjaldskrá Umhverfisstofnunar
- Kynning áhersluverkefnis um mengaðan jarðveg
- Skoðunarferð á urðunarstað

Rekstraraðili bauð Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra á samráðsfund í samræmi við áksvæði starfsleyfis, samfara reglubundnu eftirliti Umhverfisstofnunar. Heilbrigðisfulltrúi gat þó ekki mætt til fundar við eftirlit. Hélt dagskrá fundar óbreytt að öðru leyti.

Urðuð voru 17.830 tonn í Stekkjarvík árið 2022, aftur á móti var tekið á móti 21.831 tonnum af úrgangi sem ráðstafað var í aðra endurnýtingu eða í annan endurvinnslufarveg. Langmest berst inn á urðunarstað af blönduðum óskilgreindum úrgangi frá rekstri, eða um 35% og blönduðum heimilisúrgangi, þ.e. 34% af því sem urðað er. Einnig tilheyrir 16% til sláturúrgangs og um 5%

til dýrahæja, leifar frá brennslu og hitasundrun úrgangs, telur um 4%. Ýmiss annar úrgangur tilheyrir rest af því hlutfalli sem upp talið er. Umfang urðunar eykst til muna á haustmánuðum þegar sláturtíð hefst. Eingöngu var hafnað sóttmenguðum úrgangi á vormánuðum vegna riðusmits, m.t.t. landareigendasamnings sem er gildandi milli rekstraraðila og landareiganda.

Engar breytingar eru fyrirhugaðar á rekstri, aðrar en þær að sótt hefur verið um breytingu á starfsleyfi og beðið úrvinnslu þess. Á fundi var aftur á móti rætt um þær áskoranir sem sveitafélög standa frammi fyrir vegna tilkomu aukinnar flokkunar og er breytilegt eftir sveitarfélögum hver staðan er. Farvegur úrgangsmála er einnig að breytast sem þarf að hafa í huga þegar rætt er um framtíðarsýn á rekstri urðunarstaðarins.

Afrit af neyðaráætlun ef til óvæntrar rekstrarstöðvunar kæmi var send til eftirlitsaðila eftir eftirlit, ásamt afriti af áhættumati vegna bráðamengunar og viðbragðsáætlun.

Drög að uppfærðum umhverfismarkmiðum voru send á eftirlitsaðila þar sem álit var gefið á vöktunatriðum sem tilheyra skilgreindum markmiðum er snúa að innra eftirliti rekstraraðila ásamt öðrum hugmyndum sem mögulega gætu nýst við markmiðasetninguna. Stóð til að rekstraraðili myndi svo leggja fyrir drögin að nýjum umhverfismarkmiðum á stjórnarfundum áður en þau yrðu samþykkt með formlegum hætti.

Verkstjórn urðunarstaðar er til fyrirmyndar, þekking á ákvæðum starfsleyfis, tæknileg færni og þjálfun til staðar.

Rekstraraðili lagði fram gögn með afritum af útboðsgögnum um tryggingar og einnig upplýsingar um lokunarsjóð sem stofnaður hefur verið til að uppfylla kröfur í starfsleyfi um tryggingar.

Tveir olúgeymar eru notaðir í tengslum við rekstur vinnuvéla á urðunarstaðnum. Annar er 2000 L og er færanlegur. Þarf að huga að árekstrarvörnum umhverfis hann, sbr. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Seinni tankurinn er 1000 L og er á kerru.

Grænu bókhaldi var skilað þann 28. apríl síðastliðinn. Útstreymisbókhaldi var skilað eftir að tímafrestur var liðinn eða þann 9.maí. Þann 28. apríl var send inn beiðni um skilafrest, en undanþágur eru almennt ekki veittar.

Opið er eitt eldra frávik er varðar hreinsun sigvatns og kom fram í eftirliti ársins 2019, voru fyrirhugaðar framkvæmdir vegna stækkunar á urðunarhólfi. Þegar eftirlit fór fram nú, stóðu framkvæmdir enn yfir. Samhliða þeirri stækkun er gert ráð fyrir að hreinsivirki verði stækkað og sú hönnun og framkvæmd verði gerð samhliða stækkun hólsins. Samkvæmt úrbótaáætlun sem samþykkt var af Umhverfisstofnun þann 20. desember 2022, er gert ráð fyrir að endurgert hreinsivirki verði tilbúið og hægt að taka úr því sýni eigi síðar en 1. maí 2024.

Ekki er tilefni til athugasemda eftir skoðunarferð á urðunarstað, né vegna niðurstöðu vöktunarmælinga.

#### Frávik frá

#### Lýsing á fráviki

Grein 1.2 í starfsleyfi:

Óheimilt er að urða spilliefni á urðunarstað. Árið 2022 var urðað um 179,4 tonni af innihaldi (og eða hluta) af olíuskiljum og sandföngum. Samkvæmt I viðauka, reglugerðar nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs flokkast innihald sem og blandaður úrgangur úr sandföngum og olíuskiljum sem spilliefni.

grein 5.5 í starfsleyfi og 2 gr. reglugerðar nr. Útstreymisbókhaldi ber að skila fyrir 1. maí árlega fyrir undangengið 990/2008 um ústreymisbókhald. Almanaksár. Var ústreymisbókhaldi skilað þann 9. maí.

Grein 5.4 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga sbr. gr. 5.1 og þurfa þær að innihalda allar skráningar sem eru taldar upp í 5.1 í starfsleyfi. Vantaði einstaka þætti úr lið 7., sbr. gr. 5.2. Rekstraraðili sendi niðurstöður þeirra hluta sem upp á vantaði eftir eftirlit. Átti það við skráningar á hauggassmælingum.

## ÁBENDINGAR

Huga þarf að því að árekstrarverja olútank sem staðsettur er á starfsvæði rekstraraðila og sjá þarf til þess að vatn komist ekki í spilliefni sem geymd eru á staðnum áður en þau komast í réttan farveg frá urðunarstað.

## ANNAÐ

Endurskoða má uppsetningu skýrslugjafar til eftirlitsaðila og bæta framsetningu gagna m.t.t. til starfsleyfis. Taka þarf markvisst fyrir hvern vöktunarpátt fyrir sig. Hægt er að fyrirbyggja með slíkum hætti að ekki vanti inn skráningar, þegar huga þarf að næstu skilum. Einnig má taka það fram þegar ekki eru gerðar mælingar á vissum atriðum og hvenær næstu mælingar fari fram.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

*Halla Margrét Viðarsdóttir*

Halla Margrét Viðarsdóttir

